

18. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með neins konar jarðraski eða mannvirkjagerð og þess skal gætt, að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum oliu eða afrennslis efna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er bæjarstjóra að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og húfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neytluvatns.

19. gr.

Vatnsæðar og tæki skal tengja þannig, að eigi sé hættu á, að vatnið í æðunum óhreinist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinun á vatni í vatnsveituað eða heimæð.

20. gr.

Vatnsveitan getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem þessi reglugerð fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

21. gr.

Brot gegn þessari reglugerð varða sektum allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15. 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar nr. 72 30. júní 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**um sorphreinsun í Húsavíkurkaupstað.****1. gr.**

Húsavíkurkaupstaður sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupstaðarins. Fer hún fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og með umsjón heilbrigðisnefndar kaupstaðarins.

2. gr.

Daglegt sorph frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verzlunum o. s. frv. innan kaupstaðarins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera fristandandi, hún fest á húsvegg eða henni komið fyrir í sorptunnu. Grindinni skal komið svo fyrir, að sorppokinn hangi 2—5 cm yfir jörð, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindum og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

Sorphreinsun skal framkvæmd u. þ. b. 40 sinnum á ári eftir aðstæðum og skal fjöldi sorpgrinda miðaður við að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga.

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsyn er. Hugsanleg vafatríði varðandi fjölda grinda (sorppoka) úrskurðar bæjartæknifræðingur.

Við stórhátíðir eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum í áhaldahúsi bæjarins, en heimilt er bæjarráði að ákvarða sérstaka greiðslu fyrir slíkt.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa eða heitta hluti má aðeins setja innpakkað í plast eða pappír í pokana.

Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má ekki heldur hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

Mold, mól, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á svæði skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings. Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði.

Bílhrae og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings.

Bannað er að urða oliuleifar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn.

Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna bæjarins.

4. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi svo sem umbúðum og því um líku skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl þegar hreinsun fer fram eða í sorpeyðingarstað skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings.

Eftir að sorpeyðingarstöð kaupstaðarins tekur til starfa er heimilt að krefjast sérstakrar greiðslu fyrir eyðingu slíks úrgangs svo og fyrir eyðingu meiri háttar úrgangs frá matsölustöðum, sláturhúsum, iðnfyrirtækjum o. s. frv.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði. Bæjarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem nota þarf við viðkomandi fasteign á árinu.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við að lögum. Um brot á reglugerðinni skal farið með sem opinbert mál

7. gr.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. ágúst 1972.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Ólafsfjarðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Ólafsfirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatns- og hitaveitunefnd í samráði við bæjarstjórn og bæjarstjóra. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við bæjarstjórn, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga og fylgja bæjarreikningum ár hvert.

5. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem fært þykir og þörf krefur, vatnsveitan leggur vatnsæðar að húsnum og sér um viðhald þeirra.

Húseigandi sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar eða breytingu á eldri skal leggja fram teikningar af vatnskerfi ef óskað er. Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál alls húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 6.00 pr. m³ og er það miðað við byggingarvísitölu 605 stig og heimilt er að hækka eða lækka það í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki má ekki tengja við hús eða heimæðar nema með leyfi vatnsveitunnar. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru gætu eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar